



# Vef- og samfélagsmiðlastefna

Embætti landlæknis

Útgefin og samþykkt í október 2015, endurskoðuð 2017, 2022 og 2024.

## Almennt

Embætti landlæknis starfrækir vefinn [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is) til þess að miðla upplýsingum, leiðbeiningum og ráðleggingum til almennings, fjölmiðla og fagfólks á skýran og vandaðan hátt. Vefurinn er einn helsti farvegur fyrir upplýsingar frá embættinu. Að auki starfrækir embættið aðra sértæka vefi, meðal annars í samstarfi við fagstofnanir.

Allir vefir á vegum embættis landlæknis lúta sömu vef- og samfélagsmiðlastefnu. Stefnan nær einnig til þeirra samfélagsmiðla sem embættið notar til að koma skilaboðum eða upplýsingum á framfæri á óformlegri hátt. Upplýsingar á aðalvef, sértækum vefjum og á samfélagsmiðlum skulu vera í samræmi við stefnu embættis landlæknis eins og hún er á hverjum tíma og taka mið af gildum embættisins sem eru ábyrgð, virðing og traust.

Vef- og samfélagsmiðlastefnunni er ætlað að skapa samræmi í rafrænni miðlun embættisins. Með henni er leitast við að skapa heildstæða umgjörð og samræmi í framsetningu, þótt útlit og viðmót geti verið mismunandi eftir miðlum. Upplýsingar um sama efni á mismunandi vefjum og miðlum mega ekki stangast á og þurfa að uppfylla sömu kröfur um vönduð vinnubrögð og áreiðanleika.

Í febrúar 2023 fór aðalvefur embættis landlæknis undir vef Ísland.is og fylgir þar með þeim [stefnum sem Stafrænt Ísland hefur sett sér](#). Má þar meðal annars nefna [aðgengisstefnu](#), [efnisstefnu](#), [tæknistefnu](#), [vefþjónustustefnu](#), [persónuverndarstefnu](#) og [upplýsingaöryggisstefnu](#).

Vefir embættis landlæknis eru lifandi og í stöðugri þróun en í því felst að allt efni er yfirfarið og uppfært reglulega.

## Markmið og leiðarljós

Markmið með vef- og samfélagsmiðlastefnu embættis landlæknis er að allir rafrænir miðlar á þess vegum veiti notendavæna og vandaða þjónustu þar sem áreiðanleiki, einfaldleiki og skilvirkni eru í fyrirrúmi.

Vef- og samfélagsmiðlastefnu er ætlað að vera leiðarljós þeim sem vinna efni fyrir vefi og samfélagsmiðla embættisins. Leiðarljósín eru:

- **Áreiðanleiki:** Vönduð og fagleg efnistöð, þannig að notandinn geti treyst því að allar upplýsingar séu réttar og uppfærðar.
- **Einfaldleiki:** Skýr framsetning og upplýsingar settar fram á hnitmiðuðu og greinargóðu máli. Nota á málfar sem miðar við almennan lesanda og forðast sérhæft og tæknilegt orðaval þar sem því verður við komið.
- **Skilvirkni:** Notandinn finni hratt það sem hann leitar að og rafræn þjónusta á vefnum gangi greiðlega fyrir sig.

## Aðgengi

Viðmót og leiðakerfi skal vera aðgengilegt og augljóst og vísa notandanum auðveldlega og hratt áfram. Þeir vefir sem embættið starfrækir skulu taka mið af gildandi [hönnunarstaðli](#).

Aðalvefur embættisins fylgir [aðgengisstefnu](#) Stafræns Íslands. Markmið hennar er að tryggja gott aðgengi fyrir alla notendur. Vefurinn er aðgengilegur blindum og sjónskertum með hjálp skjálesara auk þess sem áhersla er lögð á einfaldan og auðskiljanlegan texta í samræmi við [efnisstefnu](#) Stafræns Íslands.

Íslenska skal vera aðaltungumál í öllum rafrænum miðlum embættisins. Allar greinar og fréttir á aðalvef skulu þó einnig birtar á ensku, í samræmi við stefnu Ísland.is. Auk þess skulu áriðandi fréttir og útgefið efni þýtt á fleiri tungumál þegar sérstök ástæða þykir til.

Vefir og vefsvæði skulu vera aðgengileg í öllum helstu tækjum og vöfrum og fylgja tækniþróun á hverjum tíma.

## Ábyrgð

Vef- og útgáfustjóri er ritstjóri aðalvefs embættis landlæknis. Vefráð, sem skipað er fulltrúum allra sviða, er vefstjóra til ráðgjafar og samráðs um þróun og viðhald vefsins. Framkvæmdastjórn tekur stærri ákvarðanir um þróun aðalvefs og meiriháttar breytingar en daglegur rekstur hans og viðhald eru á ábyrgð vef- og útgáfustjóra. Vef- og útgáfustjóri og starfræksla vefsins heyrir undir svið rekstrar og öryggis.

Umsjón og ábyrgð á sértækjum vefjum sem embættið starfrækir er alla jafna í höndum sérfræðinga í hverjum málaflokki.

## Myndefni

Í samræmi við [efnisstefnu](#) Stafræns Íslands er myndefni á aðalvef einkum notað ef það hefur upplýsingagildi en forðast skal að nota óþarfa skrautmyndir. Í samræmi við aðgengisstefnu skal þess gætt að myndir og innfellt margmiðlunarefni á vef sé aðgengilegt öllum, einnig fólki sem getur ekki séð myndina og nýtir sér skjálesara.

Myndefni sem birt er á vef og samfélagsmiðlum skal tengjast umfjöllunarefni hverju sinni, vera viðeigandi og sýna fjölbreytileika. Þá skal þess sérstaklega gætt að myndefni ýti hvorki undir skaðlega hegðun né fordóma.

Á vef embættis landlæknis eru aðeins birtar myndir sem leyfi er fyrir. Höfundaréttur og sæmdarréttur við birtingu á ljósmyndum og öðru myndefni skal virtur.

## Samfélagsmiðlar

Embætti landlæknis notar samfélagsmiðla til að miðla fréttum og upplýsingum af vef embættisins, í því skyni að auka dreifingu þeirra og sýnileika. Þá er ýmsu öðru efni, sem ekki er birt á vef embættisins, miðlað á samfélagsmiðlum. Á það til dæmis við um viðburði, auglýsingar, heilsuskilaboð og beint streymi.

Embætti landlæknis starfrækir samfélagsmiðlasíður í eigin nafni en heldur að auki úti öðrum samfélagsmiðlasíðum sem þjóna sértækari þörfum notenda. Allar samfélagsmiðlasíður á vegum embættis landlæknis lúta sömu vef- og samfélagsmiðlastefnu.

Samskipti á samfélagsmiðlum eru óformlegri en í öðrum miðlum, en ávallt skal vanda málfar og sýna kurteisi og fagmennsku. Embætti landlæknis leyfir almennt ekki athugasemdir á samfélagsmiðlasíðum sínum.

Vef- og útgáfustjóri ber ábyrgð á samfélagsmiðlum embættis landlæknis og veitir starfsfólki ritstjórnaraðgang eftir þörfum.